

1870.

3. júní.

bréfi aðalskattastjórnarinnar 3. þ. m., sem breytir nokkuð frumvarpi því til aðalskipaskrárinnar, er vèr sendum yður þá¹, og enn fremur látum vèr fylgja með skýrslur þær fyrir árið 1869, um þilskip á Íslandi, sem hlutaðeigandi embættismenn hafa sent hingað.

4. júní.

46. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um skaðabætur til ábúanda á umboðsjörðu fyrir tjón af verzlun þar á lóðinni.

Með bréfi, dagsettu 28. febrúarm. þ. á., hafið þèr, herra amtmaður, sent hingað útskrift af dómsmálabók Strandasýslu, um mat nokkurt, sem samið hefir verið útaf úrskurði dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864², til að virða þann skaða, sem ábúandinn á umboðsjörðunni Borðeyri eigi að hafa orðið fyrir af verzlun þeirri, sem þar hefir fram farið; er skaði sá metinn til 105 rd. á ári. Ennfremur hafið þèr sent hingað bréf til sýslumannsins í Strandasýslu, dagsett 10. maím. 1867, þar sem ábúandinn á Borðeyri, Pétur Eggerz, fyrst og fremst krefst þess, að mega halda því hafnargjaldi, sem goldið er af kaupskipum, er sigla upp á Borðeyrahöfn, með 8 rd. fyrir hvert skip, og mega verða laus við að borga 12 rd. á ári í leigu fyrir byggingarlóð, sem var útmæld Guðmundi Einarssyni árið 1861, en sem hann seinna hefir látið af hendi við Pétur Eggerz, en ef þetta ekki fengist, hefir tæður Pétur Eggerz til vara farið fram á, að fá fullkomlegt endurgjald fyrir allan þann skaða, er hann þykist hafa orðið fyrir sem ábúandi á Borðeyri af verzluninni þar, og er hann þá fús til að borga lóðargjald af byggingarlóð sinni, sem hann hefir hingað til haft afgjaldslaut.

Útaf þessu hafið þèr, herra amtmaður, getið þess: að skoðunargjörð sú, sem nefnd er að framan, virðist ekki vera svo, að

¹) Í þessu bréfi aðalskattastjórnarinnar eru ymsar leiðréttingar við skipaskrána; er skipað að sleppa nokkrum skipum, en aptur bæta öðrum við.

²) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 17.

1870.

4. júní.

farið verði eptir henni við úrskurð þessa máls, bæði af því, að hún sýnir að eins, hve mikið tjón ábúandi jarðarinnar hafi haft af því, að þar er verzlun, í stað þess að leiða rök að því, samkvæmt úrskurði stjórnarráðsins 12. marz 1864, hvort svo verði álitíð, að Pétur Eggerz, sem nú er ábúandi á Borðeyri, hafi liðið nokkurn skaða eða nokkra rýrnun á þeim afnotum jarðarinnar, sem honum voru heimiluð með byggingarbræfi sínu 10. marz 1857, og ef svo er, hversu mikils virði sá skaði verði þá metinn; að þó farið verði eptir matinu, þá er úrskurður fellur á málið, virðist ekki eiga að gjalda ábúandanum 105 rd. skaðabætur á ári, einsog tiltekið er í matinu, heldur að eins í réttu hlutfalli nokkuð af afgjaldinu af jörðunni, sem samkvæmt umboðsreikningnum fyrir fjárhagsárið 1868—69 er 8 rd. 48 sk., en þessi hluti verður ^{10/19} og nær þá 4 rd. 49 sk.; en aptur á hinn bóginn hafið þér farið fram á, að það gæti ekki verið umtals efni, að endurgjalda ábúandanum þessa upphæð, er hann eigi virðist hafa liðið af verzluninni neinn skaða á þeim afnotum jarðarinnar, sem honum voru heimiluð með byggingarbræfinu. Hafið þér í þessu tilliti borið það fram, að það þúið var að löggilda verzlunarstað á Borðeyri löngu áður en jörðin var byggð þeim ábúanda, sem þar er nú, verði ekki annað sagt, en að afnot hennar sé honum heimiluð með þeim takmörkunum, sem af þessu leiðir; það er og enn að auki með berum orðum tekið fram í byggingarbræfinu, að jörðin sé honum byggð æfilangt með þeim skilmálum, sem þar eru tilteknir, en þó með þeim takmörkunum, sem leiði af því, að verzlunarstaður yrði reistur á Borðeyrartanga. Einsog það fer fjærri, að ábúandinn eigi heimtingu á skaðabótum fyrir tjón af verzlun lausakaupmanna á Borðeyri, sem fór fram þar áður en ábúandinn settist að á jörðunni, þannig á ábúandinn eptir álitinu yðar ekkert tilkall til endurgjalds fyrir skaða af föstu verzluninni, með því að einungis einn verzlunarstaður er á Borðeyri, en það er einmitt ábúandinn, sem hefir byggt hann og á hann. Með því að þér þannig álitíð, að það sé mikil hlynnindi fyrir ábúandann, að honum er leyft kauplaust að nota þá byggingarlóð, þar sem verzlunarstaður hans er reistur, finnst yður ekki vera næg ástæða til þess að eptirláta honum afgjaldslaust afnot af lóð þeirri, sem var

1870

4. júní.

útmæld Guðmundi Einarssyni, en það er efamál, hvort það sé gilt, að Guðmundur hefir afsalað sér lóð þessa til Péturs Eggerz, þaræð lóðin var í upphafi útmæld til verzlunarstaðar sérilagi. Að því er snertir hafnartoll af skipum, er sigla til Borðeyrar, og sem er greiddur ábúandanum samkvæmt byggingarbræfinu, hafið þér, herra amtmaður, drepíð á, að svo er fyrir mælt í optnefndum úrskurði dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864, að ekki verði heimtáður hafnartollur af skipum, sem liggja á höfn, þar sem engu hefir verið til kostað til hafnarinnar, og skipin ekki hafa not af neinum bletti á landi; en þó virðist yður ekki, að þessi ákvörðun sé heint bann ámóti því, að ábúandanum verði goldinn hafnartollur einsog hingað til.

Um leið og stjórnarráðið í öllu verulegu er yður samdóma um þetta mál, skal yður það til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það: að ekki verður gefið ábúandanum á Borðeyri Pètri Eggerz neitt eptir af afgangi því, er hann samkvæmt byggingarbræfi sínu 10. marz 1857 á að greiða af jörðunni, sem skaðabætur fyrir tjón af verzluninni þar; — að honum leyfist fyrst um sinn að nota byggingarlóð þá, sem fyrrum var útmæld handa Guðmundi Einarssyni, en samt aðeins með því skilyrði, að hann greiði það afgang, 12 rd. á ári, sem tiltekið var; — og enn fremur: að úrskurður dómsmálastjórnarinnar 12. marz 1864 verður að standa óraskaður, að því er snertir hafnartoll af þeim skipum, er sigla upp Borðeyri, og samkvæmt þeim úrskurði verður það að vera komið undir því, hvort skipið hafi notað nokkurn blett á landi, eða ekki, hvort af því verði heimtáður hafnartollur.

17. júní.

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austur-umdæminu, um þóknun handa póstafigreiðslumanninum í Norðurmúlasýslu.

Með bræfi, dagsettu 21. janúarm. þ. á., hafið þér, herra amtmaður, sent hingað bænarskrá, þar sem póstafigreiðslumaðurinn í Norðurmúlasýslu, Þorvaldur prestur Ásgeirsson að Hofteigi, sækir